



MÁGUSARTÍÐINDI

2017

HVER VER ÞÍNA HAGSMUNI ?



KVH er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. KVH vinnur að bættum kjörum og réttindum, óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

Kynntu þér málið - vertu með !

KVH

KJARAFÉLAG
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA
OG HAGFRÆÐINGA

KVH er aðili að BHM



www.kjarafelagvh.is

Ávarp ritstýru

Kæri lesandi. Það er mér sönn ánægja að færa þér Mágusartíðindi þetta árið. Ég finn fyrir mikilli gleði og ánægju en jafnframt létti á að blaðið sé loksins komið út.

Þegar ég tók við embætti ritstýru Mágusar vissi ég réttara sagt ekkert hvað biði mín, eða við hvaða ábyrgðarfullu stöðu ég væri að taka. Ég hafði aldrei setið í stjórn nemendafélags og hvað þá í svona stóru nemendafélagi. Starfið hefur bæði verið virkilega skemmtilegt en á móti mjög krefjandi.

Þegar líða tekur nú á seinni hluta vorannar hugsa ég til baka með bros á vör. Ég er ekki bara glöð heldur virkilega þakklát fyrir þessa ótrúlegu reynslu. Ég fékk ekki bara að taka þátt í stórskemmtilegu félagslífi heldur fékk ég að kynnast fullt af fólki, þar á meðal þessum yndislegu og frábæru stjórnarmeðlimum mínum og auðvitað má ekki gleyma ritnefndinni minni, snillingarnir sem þau eru! Og ef ekki væri fyrir þau þá væri nú ekkert blað!

Þegar við í ritnefnd Mágusartíðinda höfum skrifað á blaðinu þá var okkar helsta markmið að hafa blaðið skemmtilegt, áhugavert og jafnframt fræðandi, og vil ég segja að það hefur nú heldur betur tekist hjá okkur. Blaðið er fjölbreytt og ættu lesendur allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Milku máli skipti að ritnefndin væri vel skipulögð, hefði gott hugmyndarflug og væri fjölbreyttur hópur fólks með misjafnar skoðanir og sjónarmið.

Við í ritnefnd Mágusartíðinda viljum þakka öllum þeim sem komu að útgáfu blaðsins kærlega fyrir þann stuðning og þá hjálp sem við höfum fengið.

Ég vona að þið njótið lestursins!

Margrét Ósk Magnúsdóttir, ritstýra Mágusartíðinda 2016-2017



1. Ávarp ritstýru
4. Ávarp formanns
5. Stjórn Mágusar og ritnefnd Mágusartíðinda
6. Félagslífið
7. Nýnemaviðtöl
- 8.-9. HÍ vs. HR
- 10.-11. NESU
13. INKLAW
- 14.-15. OMNOM
- 16.-17. Hylli, snilld og viðskiptavit
- 18.-19. Maður ársins í atvinnulífinu
- 20.-21. Samfélagsmiðlar
22. Jafnréttisnefnd Stúdentaráðs
23. Skiptinám erlendis
- 24.-25. Undirbúningur fyrir starfsviðtal
27. Kennaraviðtöl
- 28.-29. Herra Hnetusmjör
31. Árshátíð Mágusar 2017
33. Táknmálstafrófið



Prentun: Prentækni

Upplag: 300 stk

Umbrot og hönnun: Góisportrönd

Ritstýra: Margrét Ósk Magnúsdóttir

Ritnefnd: Áslaug Ýr Hjartardóttir, Bjarki Guðmundsson, Margrét Gísladóttir, Margrét Ósk Magnúsdóttir, Stefán Atli Rúnarson, Tinna Líf Jörgensdóttir



”

Ég verð ykkur ævinlega þakklát fyrir frábært samstarf og ég er ótrúlega stolt af því sem við afrekuðum. Ég óska næstu stjórn alls hins besta.

Ávarp formanns

Elsku refir og tófur, nú líður senn að stjórnarskiptum. Það var mér mikill heiður að fá að taka við embætti formanns og var ég staðráðin í að sinna því með sóma líkt og forverar mínir.

Við í stjórn þessa árs settum okkur það markmið í upphafi að hafa nóg um að vera fyrir meðlimi Mágusar. Við teljum það hafa tekist og göngum sátt frá okkar verkum.

Skólaárið hófst á hinna árlegu nýnemaferð. Hún lukkaðist vel og var virkilega gaman að sjá ný vinasambönd myndast. Við tóku vísindaferðir og þori ég nánast að fullyrða að metföldi af slíkum ferðum hafi verið í boði þetta árið. Mörg ný fyrirtæki tóku á móti okkur

og er það mikils metið. Þá var hrekkjavakan haldin hátíðleg ásamt níu öðrum nemendafélögum innan HÍ. Það þarf ekki að eyða fleiri orðum í hve mikil geggjum það var.

Nú í janúar fóru þeir allra hraustustu í skíðaferð norður á land. Það skal þó látið liggja á milli hluta hversu margir fóru í raun á skíði. Stuttu síðar fögnuðum við með viðskiptafræðinemum í HR á hinum árlega Mágus - Markaðsráð degi. Markaðsráð lagði ekki í drykkjukeppnir og ég tel okkur því réttilega hafa unnið í þetta sinn. Á næsta leiti er svo árs-hátíð Mágusar og aðalfundur með tilheyrandi kosningagleði.

Auk fyrrnefndra viðburða voru haldin ýmis partý og hóf, enda er það órjúfanlegur partur af háskólameningunni. Það voru allavega ófáir Gull og Somersby drykkir sem runnu ljúflega niður þetta skólaárið.

Ég held að ég tali fyrir hönd allra þegar ég segi að Mágus sé mikilvægur partur af námi viðskiptafræðinema við HÍ. Vona ég að starf félagsins fái að blómstra um ókomna tíð. Það hafa vissulega orðið ýmsar breytingar í gegnum árin en það tel ég vera eðlilega þróun, enda nauðsynlegt að endurskoða starfið annað slagið.

Að lokum vil ég þakka meðlimum Mágusar kærlega fyrir árið; drykkjuna, djammað og gleðina. Þið erud kjarninn í starfi félagsins og eigið mikið hrós skilið fyrir ykkar þátttöku. Sömu leiðis vil ég koma kossum og knúsum áleiðis til meðstjórnenda minna. Ég verð ykkur ævinlega þakklát fyrir frábært samstarf og ég er ótrúlega stolt af því sem við afrekuðum. Ég óska næstu stjórn alls hins besta.

*Hilma Jónsdóttir,
formaður Mágusar 2016-2017.*

Stjórn Mágusar

2016-2017




● Karel Fannar Sveinbjörnsson ● Margrét Ósk Magnúsdóttir ● Gísli Freyr Ólafsson ● Hera Sólveig Ívarsdóttir
● Auður Sandra Árnadóttir ● Sóley Ósk Benediktsdóttir ● Hilma Jónsdóttir ● Una Hlín Sveinsdóttir



Ritnefnd Mágusartíðinda 2016-2017

● Stefán Atli Rúnarsson ● Margrét Ósk Magnúsdóttir ● Tinna Líf Jörgensdóttir
● Áslaug Ýr Hjartardóttir ● Margrét Gísladóttir ● Bjarki Guðmundsson



Félagslífið


Félagslífið í ár hefur verið stórskemmtilegt og alltaf nóg um að vera!

Stjórn Mágusar vann hörðum höndum að skipulagningu viðburða félagslífsins fyrir skólaárið og það tókst líka svona heldur betur vel, enda hefur nánast ekki komið að helgi síðan Mágus hóf störf eftir sumarfrí.

Skólaárið hófst eins og flest öll önnur ár með Nýnemaferð, en haldið var út í óvissuna þar sem öllu var tjaldað til. Pizzur og nóóóg af fljótandi veigum voru á boðstólnum og skemmtu nýnemarnir sér konunglega.

Mágus stóð fyrir ýmsum viðburðum á skólaárinu, þ.á m. haustpartíi, keilumóti og nýárs-tradition. En ekki voru það einu viðburðirnir, við vorum svo heppin að fá önnur félög til liðs við okkur til þess að halda enn skemmtilegri og stærri viðburði, t.a.m. halloween partí, skíðaferð og Mágus-Markaðsráð. Ekki má gleyma öllum vís-

indaferðunum. Við fengum að heimsækja mörg fjölbreytt og áhugaverð fyrirtæki á árinu. Fyrsta vísindaferð skólaársins var í Marel og þar á eftir komu Júpiter, Vaki, PIPAR/TBWA, Samskip, Virðing, Gomobile, Ernst & Young, Artica Finance, Advania, Atlandsolía sem bauð okkur einnig í pylsupartý á önninni, SFS, Icelandair, Ölggerðin, Vífelfell, Nova og KVH. Mæting í vísindaferðirnar hefur verið góð enda frábær fyrirtæki sem buðu okkur til sín og kynntu fyrir okkur starfsemi sína. Engar áhyggjur ef ykkur finnst þið ekki hafa mætt í nægilega margar vísindaferðir því það er næg veisla framundan! Vísindaferð í KPMG, Arion Banka og Almenna Lífeyrissjóðinn. Ekki er öll gleðin yfirstaðin af viðburðum á vegum Mágusar en árshátíð Mágusar mun vera haldin hátíðleg þann 11. mars en nánar er farið úti hana síðar í blaðinu. Við vonum að þið hafið notið jafn vel og við síðastliðið skólaárið!



Nýnemaviðtöl

Guðný Gunnarsdóttir

Af hverju viðskiptafræði?

Vissi ekki hvað ég vildi læra, ákvað að fara bara í eitthvað sem er opið.

Uppáhalds kennari? Snjólfur.

Uppáhalds fag? Stærðfræði.

Framhaldsmenntun? Óá-kveðið.

Draumastarf? Bara eitthvað frábært, með góðu fólki t.d. Fossar markaðir hf.

Við hvað starfar þú? Ég er flugfreyja hjá Icelandair og starfsmaður Fossa.

Menntaskóli? Menntaskólinn á Akureyri og FSU.

Aldur? 23 ára.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Opnunartími Hámu í HB, og óheildarleiki.

Hvert myndir þú fara ef þú værir ósýnileg? Skoða próf á kennaraskrifstofunni.

Hvað er þitt guilty pleasure? Borða Píkník upp úr dollu með skeið og horfa á Dr. Phil.

Hjúskaparstaða? Í sambúð.

Trump vs. Hillary? Hillary.

Uppáhalds snappari? Guðrún Helga Sortveit.

”

Casshme ousside howbow dah.

Sætasti kennarinn? Bjarni Frímann, hann er svo mikil dúlla.

Uppáhalds Quote? Casshme ousside howbow dah.

Ert þú með leyndan hæfileika? Get hrist í mér mér augun og brotið saman alla puttana.


Týnir þú hlutum á djammínu? Ég týndi sokkabuxum þann 9. jan 2013, það var snjór og kalt og svo bara allt í einu er ég ekki í sokkabuxum. Helltist líklega á mig og fór úr þeim, mikið mystery... Ef þið finnið þær látið mig vita.

Ef þú tækir 10 Tequila skot þá værir þú... Í Mexico, líkamlega og andlega.

Í hvaða kennslustofu finnst þér þægilegast að sofa? HB.

Skemmtilegasta vísó? Gamma. Tók mörg skot og fór í special tour í vinkjallarann.

Hvaða ár verður næsta hrun? 2021, vegna ferðamannabransans.



Eiður Tjörvi Pálsson

Af hverju viðskiptafræði? Því hún er ógeðslega easy.

Uppáhalds kennari? Snjólfur og Ársæll.

Uppáhalds fag? Inngangur að markaðsfræði.

Framhaldsmenntun? Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti.


Draumastarf? Rokkstjarna.

Menntaskóli? MH.

Aldur? 22 ára.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Dómarar.

Hvert myndirðu fara ef þú værir ósýnilegur? Fylgjast með frægum tónlistarmanni að verki.



Hvað er þitt guilty pleasure? Enrique Iglesias.

Ertu á lausu? Já.

Trump vs. Hillary? Bernie Sanders.

Uppáhaldsmatur í Hámu? Tyggjó.

Uppáhalds snappari? Ég sjálfur: Eidurtjo, add me.

Sætasti kennarinn? Velina.

Hvað ertu með í vasanum? Sími, veski, lykla og smokka.

Ertu með leyndan hæfileika? Ég er svo athyglissjúkur að allir fá að sjá alla hæfileikana mína.

Ef þú tækir 10 Tequila skot væri þú... Búinn að gubba svona fimm sinnum en á leiðinni að fá mér bjór. Aldrei gefast upp á djammínu.

Í hvaða kennslustofu er þægilegast að sofa? Í HB1 þegar Bjarni Frímann er að kenna eitthvað bókhaldsdót. Mjöðög ez og róandi stemning.

Skemmtilegasta vísó? Vífilfel og Nova. All day anyday.

Hvaða ár verður næsta hrun? Hef sterka tilfinningu að það verði 2051. Verður ekki gott ár, bókað.

HÍ VS HR

SPURNINGAKEPPNI

1. Hvaða samtök voru á forsetabuffinu fræga?
2. Hvaða ár var Háskóli Íslands stofnaður?
3. Hver leikstýrði áramótaskaupinu 2016?
4. Hver er forseti Alþingis?
5. Hvers lenskur og hvað heitir plötusnúðurinn Avicii fullu nafni?
6. Hvaða ár var Stöð2 stofnuð?
7. Hvað stendur Th. fyrir í Guðni Th. Jóhannesson?
8. Hvernig er bókhaldsjafnan fræga?
9. Hver skoraði flest mörk fyrir Íslenska landsliðið á EM 2016 í Frakklandi?

Rétt svör:

1. Alþeimur samtökin, 2. 1911, 3. Jon Gnarr, 4. Ummur Brá Konráðsdóttir, 5. Tim Berg, 6. 1986, 7. Thorlacius, 8. Eignir = skuldir + eigið fj., 9. Kolbeinn Sigþórsson og Birktir Bjarnason

Hilma Jónsdóttir



1. Alzheimer- samtökin - 1 stig

2. 1968, nei vandró ég man það ekki. - 0 stig

3. Jón Gnarr - 1 stig

4. Það var kannski Steingrímur J. áður en nýja ríkisstjórnin var valin. Síðast þegar ég vissi - ½ stig

5. Hann er sænskur, ætla að giska á Joakim - ½ stig

6. Milli 1985-87 - 1 stig

7. Thorlacius - 1 stig

8. Eignir = skuldir + eigið fé - 1 stig

9. Aron Einar Gunnarsson - 0 stig



Samtals 6 stig

Viktor Þór Grönfeldt



1. Hugvit - 0 stig

2. Hann er allavega eldri en HR, 1911 - 1 stig

3. Fóstbræður - ½ stig

4. Stutthærð ljóshærð kona, minnir að hún hafi verið Sjálfstæðisflokknum, Katrín eða Guðrún - ½ stig

5. Hann er sænskur, Tim Berg - 1 stig

6. 1986 - 1 stig

7. Thorlacius - 1 stig

8. Eigir + skuldir = Eigið Fé - 0 stig

9. Kolbeinn Sigurðsson, minnir það - ½ stig



Samtals: 5½ stig



”
NESU
ráðstefn-
urnar
eru
skemmti-
leg lífs-
reynsla
sem
enginn
má láta
framhjá
sér fara.

What happens at **NESU** stays in NESU

Nordic Economic Student Union (NESU) hefur það markmið að fá þátttakendur til að kynna öðrum viðskipta- og hagfræðinemum á Norðurlöndunum ásamt því að fræðast um hin norðurlöndin, menningu og fyrirtæki. NESU nær þessu markmiði með því halda ráðstefnur, fyrirlestra, skemmtanir og Sitsi party. Starfsemi félagsins hefur aukist á Íslandi en af öllum Norð-

urlöndunum er Finnland með öflugasta starfið.

Hápunktur NESU er klárlega ráðstefnurnar sem eru haldnar tvisvar á ári um haust og vor. Það eru oftast 50-80 manns sem taka þátt í hverri ráðstefnu. Þeir sem taka þátt eru að byggja upp öflugt tengslanet sem mun nýtast vel fyrir framtíðar viðskiptafræðinga sem vilja starfa á alþjóðavettvangi.





Núna í vor verður ráðstefnan haldin í Vaasa, Finnlandi 6.-12. mars. Þemað að þessu sinni er „Risk management in global markets.“ Háskóli Íslands mun senda sína fulltrúa á ráðstefnuna og munu þeir halda heiðri Íslendinga uppi með drykkju og mikilli skemmtun. Að þessu sinni hefur einnig verið skipulögð helgarferð til Tallinn í Eistlandi, þar sem Íslendingunum

er boðið í Sitsi partý helgina fyrir ráðstefnuna.

Helstu viðburðirnir sem eiga sér stað yfir ráðstefnuna eru: Bústaðarferð, karaoke partý, Gala kvöld, Nordic evening, city run/pub crawl og stundum hefur verið djamm sundferð, keilufærð, lazer tag og síðast en ekkí síst „Sitsi“. Til að útskýra aðeins hvað Sitsi er í grófum dráttum þá sitja allir við langborð og fá

nokkra drykki. Í boði eru þrjár „metnaðarfullar“ máltíðir og hellingur af sterkum skotum. Í gegnum kvöldið eru mörg lög sungin, einkennilegar sögur sagðar og farið eftir alls konar reglur sem fáir vilja brjóta. Þetta er þó frábært tækifæri til að stækka sitt tengslanet og kynna þeim sem sitja í kringum mann.

Allir sem hafa farið eru sammála um að NESU ráð-

stefnurnar eru skemmtileg lífsreynsla sem enginn má láta framhjá sér fara. Við sjáumst vonandi á næstu NESU ráðstefnu!

*Frekari upplýsingar er að finna á eftirfarandi vefsíðu og netfangi: www.nesuconference.com, nesu@hi.is
Höfundar: Valdimar Már Maximus Pétursson, Kristján Bragi Berglindarson*






2 fyrir 1

Fylgstu með nýjum 2 fyrir 1 tilboðum í Nova appinu.
Þú sækir það í App Store eða Play Store (Nova Iceland).

Stærsti
skemmtistaður
í heimil

NOVA

INKLAW



”
Við höldum áfram að gera það sem við erum að gera, ætlum að toppa okkur frá mánuði til mánaðar

Íslenska fatafyrirtækið Inklaw Clothing hefur verið að gera góða hluti undanfarið.

Fyrirtækið, sem stofnað var árið 2014 af tveimur menntaskólanemum, Guðjóni og Róberti, hefur vaxið mikið. Fyrst fluttu þeir inn hlýraboli, húfur og derhúfur með merkinu sínu sem selt var á Íslandi. Í dag er fatafyrirtækið orðið alþjóðlegt og hefur selt fatnað til yfir 60 landa. Stórstjórnur á borð við Justin Bieber, Nick Jonas, Raheem Sterling og Will.I.Am hafa klæðst Inklaw fatnaði.

Mágusartíðindi settust niður og ræddu við Róbert Ómar Elmarsson, einn stofnenda Inklaw.

Hvernig byrjaði þetta allt saman? Þetta byrjaði þannig að ég og Guðjón vorum að fikra okkur áfram við að merkja föt, panta erlendis

frá og selja. Síðan hættum við því mjög snemma og Guðjón fór alfarið að hanna og sauma.

Datt þér í hug að þetta ætti eftir að ná svona langt þegar þið byrjuðuð? Já, ég hafði alltaf trú á þessu.

Hafðir þú einhverja reynslu af viðskiptum áður en þú byrjaðir að sjá um rekstur Inklaw? Nei, enga viðskiptareynslu, en ég hef samt verið að vinna í fatabúðum og verið mikið í kringum þetta, með tiskuvit.

Hvað er það skemmtilegasta við þetta starf? Skemmtilegast er að vinna með bestu vinum sínum, strákum sem maður treystir og hefur gaman af að vinna með. Gaman að vera að vinna við hluti sem maður hefur áhuga á.

Hvað er það sem drífur ykkur áfram? Félagsskapurinn og þegar vel gengur. Þegar maður er sinn eigin yfirmaður þá drífur það mann áfram.



Hvað ber framtíðin í skauti sér? Við höldum áfram að gera það sem við erum að gera, ætlum að toppa okkur frá mánuði til mánaðar, svo kemur bara í ljós hvað gerist.



Rebbi náði tali af súkkulaðirefinum Omnom um daginn. Sá hefur verið að gera það gott í súkkulaðigeiranum og Rebbi spurði hann út í upphaf ævintýrisins og framleiðslu súkkulaðis.

Viðtal við Omnom:

Byrjaði allt í tilraunaeldhúsinu



Omnom er íslensk súkkulaðiverksmiðja sem framleiðir gæðasúkkulaði og hefur átt mikillar velgengni að fagna. En hvernig byrjaði súkkulaðiævintýrið?

„Þetta kemur útaf forvitni, um hvernig súkkulaði væri gert. Ég reifaði þessa hugmynd með æskuvini mínum Óskar Þórðarsyni og saman fórum að pæla í þessu. Við erum báðir miklir sælkerar og finnst gaman að fara út að borða og velta fyrir okkur mat. Þannig þegar þetta fór af stað, vildum við kanna möguleikan að finna hráefni og tól til að byrja framreiðsluna. Eftir nokkrar tilraunir vorum við komnir með eitthvað sem talist vera súkkulaði. Það kom okkur svo á óvart við vildum fara að stað með þetta í framreiðslu.“ segir Kjartan Gíslason, annar stofnenda Omnom.


Í kjölfarið fengu þeir félagar til liðs við sig hönnuðinn André Úlf Visage til að hanna umbúðirnar. Fyrir en varði var súkkulaðið þeirra komið á markaðinn, en fyrsta stykkið kom í verslanir þann 1. nóvember 2013.

Úr bensinstöð í heimsmarkað

Til að byrja með var verksmiðjan til húsa í pínulitilli byggingu sem áður gegndi hlutverki bensinstöðvar og súkkulaðið var aðeins selt í nokkrum verslunum hérlendis. En með árunum jókust vinsældir þess og í dag er það selt í meira en 80 verslunum á Íslandi auk þess sem það er til sölu víða um heim, meðal annars í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Norgei, Frakklandi, Japan og Kína. Spurður út í það hverjir neytendurnir séu viðurkenndir Kjartan að fyrirtækið hafi ekki enn gert formlega markaðsgreiningu.

„Við höfum ekki gert neina markaðskönnun, en samkvæmt tölum frá fylgjendum á Facebook og Instagram, þá sjáum við að konur á aldrinum 24-46 er okkar stærsti fylgjendahópur.“ útskýrir

omnom



CHOCOLATE

R E Y K J A V Í K

hann „Við reynum að vera með breitt vöruúrval til að ná til sem flestra. Við teljum að súkkulaði sé vara fyrir alla aldurshópa, en þar sem varan okkar er ögn dýrari í framreiðslu, þá höfðar hún sérstaklega til matarsælkerar, sem vilja gæði og vita um hvaðan hráefni þeirra kemur.“

Svona verður súkkulaði til

Þegar hér er komið sögu er Rebbi orðinn virkilega spenntur fyrir súkkulaði-framreiðslu og biður viðmælandann að útskýra fyrir sér hvernig súkkulaði verður til. Það kemur á daginn að framleiðsluferli súkkulaðisins hefst í raun í kakótrjánnum, 20 gráðum fyrir norðan og sunnan miðbaug. Trén gefa af sér ávöxt fimm árum eftir að þau eru gróðursett, en eftir það gefur það af sér fjórum sinnum á ári. Þegar ávöxturinn

er fullþroskaður er hann opnaður og blauti kjarninn tekinn úr honum, en í kjarnanum eru kakóbaunir. Baunirnar eru láttnar gerjast í 5 til 7 sólarhringa þar til áferð, bragð og litur breytist og kakóbragðið þroskast. Síðan eru þær þurrkaðar í sólinni í 5 - 10 daga og að lokum er þeim pakkað niður og flutt út. Næst tekur við framreiðsla þar sem kakóbaunirnar eru ristadaðar og afhýddar og innri kjarninn molaður niður. Þetta er svo finmalad í kakómassa og sykri bætt við, en ef um mjólkursúkkulaði-framleiðslu er að ræða er mjólkurdufti einnig bætt út í. Að lokum er beitt ákveðin hitunaraðferð eða temprun sem hjálpar fitukristöllum í súkkulaðinu að ná jafnvægi svo að það fái fallegan glans og áferð. Eftir það er þessi snilld tilbúin til pökkunar og neyslu.

„Lífið heil og borðið súkkulaði“

Vegna aukinnar eftirspurnar og framleiðslu hefur Omnom fært sig um sel og er nú til húsa á Hólmaslóð 4, þar sem einnig hefur verið opnuð Omnom-verslun. Fyrirtækið hefur 14 starfsmenn í vinnu, þar af einn viðskiptafræðing sem sér um uppgjör, reikningagerð og innheimtu. Áhersla er lögð á að starfsfólkið skilji og viti hvernig súkkulaði er framleitt, en þannig fær það þjálfun og tækifæri til að búa til sína eigin uppskrift. Auk þess er mikið lagt upp úr því að vera gegnsæ með allt sem Omnom gerir. Í dag stefnir Omnom að því að auka útflutning um 50% á þessu ári, einkum til Bandaríkjana. Einnig stefnir það að því að verða sjálfbært í framtíðinni og vinnur nú með kakóbændum frá þremur löndum og vill efla samstarfið til að bæta kjör þeirra sem rækta hrávöruna.

En eitthvað sem þið viljið koma til skila að lokum? „Lífið heil og borðið súkkulaði.“ segir Kjartan og brosir.

Á engan mun hallað þótt sagt sé að Chaplin, brezki leikarinn, hafi um sína daga öðlzt meiri hylli um heiminn en nokkur annar maður fyrr eða síðar. Margir aðrir listamenn hafa náð mikilli hylli, rétt er það, en hún er jafnan bundin við afmarkaðan hóp aðdáenda. Sama á við um fræga íþrótta- menn, stjórnmálamenn og vísindamenn. Hylli Chaplins, einkum frá 1915 og fram yfir 1935, var annars eðlis. Hún var almenn. Allir þekktu Chaplin.

Með hraðlest frá örbirgð til allsnægta

Hann hét fullu nafni Charles Spencer Chaplin, fæddist 1889 í leikhúshverfi í London, ólst þar upp í nístandi fátækt og byrjaði sjálfur að leika barn að aldri. Hann missti föður sinn, söngvara, úr drykkjúsýki tólf ára gamall og móður sína, saumakonu, á geðveikrahæli tveim árum síðar og stóð þá einn uppi ásamt litlu eldri hálfbróður.

Fyrir tvítugt fór Chaplin og þeir bræðurnir til Kaliforníu. Fyrsta kvikmyndasamninginn gerði hann 1913 og fékk skv. honum 150 dali á viku. Það jafngildir rösklega 400.000 kr. á viku í dag. Árið eftir gerði hann samning við annað félag og fékk þá 1.250 dali á viku auk 10.000 dala við undirskrift. Það jafngildir um 3,3 mkr. á viku eða 14 mkr. á mánuði miðað við verðgildi peninga í dag fyrir utan eingreiðsluna sem var 27 mkr. virði. Næsti samningur skilaði honum 670.000 dölum á ári eða 1,8 mkr. á okkar verðlagi. Þetta var 1915. Chaplin var þá orðinn fyrsta heimsstjarna kvikmyndanna. Búðirnar voru fullar af varningi sem tengdist honum. Hann þurfti aldrei að hafa fjárhagsáhyggjur upp frá því. Hann gerði vel við samstarfsmenn sína sem sýndu honum tryggð á móti. Bróðir hans hjálpaði til við fjármálin. Hann sótti móður sína og kom henni í skjól nálægt sér í Kaliforníu.

Árin 1914-1916 gerði Chaplin 63 stuttmyndir fyrir félögin þrjú sem hann hafði samið við, stundum eina mynd á viku. Hálfprítugur var hann orðinn hæst launaði listamaður heimsins. Hann tryggði sér full yfirráð yfir verkum sínum frá upp- hafi til enda og gerði allt sjálfur, samdi m.a.s. tónlistina við allar myndir sínar sem hann tónsetti sumar áratugum síðar. Sonur hans einn sagði síðar að hann hefði einnig saumað búning- ana hefði hann getað.

Í flestum stuttmyndanna lék hann geðfelldan flækning sem tók öllu mótlæti af ædruleysi og bræddi hjörtu áhorfenda

Hylli, snilld og viðskiptavit

Grein skrifuð af Þorvaldi Gylfasyni

með því að lifa eftir boðorði Chaplins sjálfs sem var þetta: Það bezta sem menn gera sjálf- um sér er að gera öðrum gott. Stuttmyndirnar lengdust og náðu sumar því sem við köll- um nú fulla lengd, þar á meðal Borgarljós (City Lights, 1931). Þar segir frá blindri blómasölu- stúlku sem uppgötvar í leikslök að auðmaðurinn sem hún hélt að hefði keypt handa henni að- gerðina sem færði henni sjóni- na var í reyndinni umkomu- laus flækjngur. Þessa mynd hélt Chaplin sjálfur mest upp á af myndum sínum.

Halldór Laxness fylgdist með Chaplin úr návígi í Kali- forníu 1927-1928. Hann sagði nokkrum árum síðar um Borg- arljós: „Ég held það sé eitthvert sólídasta listaverk, sem ég hef nokkurn tímann séð. Það er af- skaplega sterkt byggt og útfær- slan blátt áfram guðdómleg.“ (Halldór Guðmundsson, Halldór Laxness: *Ævisaga*, 2004, bls. 290.)

Chaplin var á hálum ís þar eð fyrsta talmyndin kom fram 1927. Hann vissi þó að hann gat ekki leyft flækjngnum að tala því þá myndi hann gerbreyst- ast og eiga á hættu að missa trúnað áhorfenda. Hann varð að halda áfram að þegja. Þögn- in varð svolítið vandræðaleg. Chaplin ætlaði að hrista af sér viðjarnar og færa sig upp á skaftið með því að gera Nútí- mann (Modern Times, 1936), rammpólítiska mynd um ógni- na sem vinnandi fólk stafa af vèlvæðingu. Í miðjum klíðum sá hann að hann þurfti flæk- jnginn til að koma sögunni til skila og ákvað því að hafa myndin þögla eftir allt saman - níu árum eftir frumsýningu fyrstu talmyndarinnar. En eins og til að binda hendur sínar lét hann flækjnginn syngja í loka- atriði myndarinnar. Þá heyrðu biógestir rödd Chaplins í fyrsta sinn.

Pólítík og ofsóknir

Nú varð ekki aftur snúið. Geðfelldi, finlegi, lágvaxni flækjngurinn (163 cm) heyrði sögunni til. Næsta mynd Chaplins var Einræðisherrann (The Great Dictator, 1940), botnlaust grín um Adolf Hitler og hyski hans. Chaplin leik- ur tvö hlutverk í myndinni,

annars vegnar þýzkan rakara, gyðing, sem minnir á flæk- jnginn góða, og hins vegar tví- fara gyðingsins, skrumskaeld- an Hitler. Kveikjan að gríninu var sumpart sú að Hitler og Chaplin voru jafnaldrar næst- um upp á dag og nauðalíkir í útliti; sumir telja að Hitler hafi hermt yfirvararskegg sitt eftir Chaplin.

Myndinni líkur með inn- blásinni fimm mínútna ræðu Chaplins þar sem hann stígur út úr hlutverki gyðingsins og lýsir eftir skipbroti fasismans, bræðralagi og friði. Myndin var frumsýnd áður en Japanar réð- ust á Pearl Harbor, þ.e. áður en Bandaríkjamenn drógust inn í styrjöldina. Skilningurinn á því sem var að gerast í Evrópu var ekki meiri en svo í Banda- ríkjunum að ræða Chaplins í leikslök mælt- ist misvel fyrir þar, sums stað- ar beinlínis illa.

Það mæltist einnig illa fyrir síðar að Chap- lin hélt ræður á fundum þar sem hann m.a. þakkaði Rúss- um fórnfúst framlag þeirra sem banda- manna Banda- ríkjamanna og Breta í stríðinu við nasista. Sumir spurðu hvort Chaplin væri kommún- isti.


Alríkislö- greglan FBI setti Chaplin und- ir smásjá en hafði ekkert á hann annað en að hann hafði gífzt ungum konum, síðast Oonu O'Neill, 18 ára gamalli dóttur Eugenés

O'Neill, fremsta leikskálds Bandaríkjanna, en Chaplin var þá 54ra ára; hjónabandið entist til æviloka Chaplins, þau eignuðust átta börn, en Chap- lin átti fyrir tvo syni af fyrra hjónabandi. Löggan gerði sér sérstakan mat úr barnsfaðern-

ismáli geðveikrar konu á hend- ur Chaplin þótt sannað væri að hann væri ekki faðir barnsins sem um var að ræða. Parna var J. Edgar Hoover, forstjóri FBI, í essinu sínu. Um svipað leyti var sami Hoover gerður út að undirlagi íslenzkra stjórnvalda eins og til að tryggja að bæk- ur Halldórs Laxness yrðu ekki framar gefnar út í Bandarík- junum, en Sjálfstætt fólk hafði verið metsölubók þar vestra. Fjártjón Halldórs af þeim völd- um var gríðarlegt að ætla má.

Meðferð lögreglunnar á Chaplin átti sinn þátt í því að hann sá enn minni ástæðu en ella til að halda stjórnmála- skoðunum sínum til hlés í myndum sínum. Næsta mynd hans Monsieur Verdoux (1947) var uppgjör við kreppuna miklu frá óvenjulegu sjónarhorni. Myndin segir frá bankamanni sem missir vinnuna og gríp- ur til þess ráðs að myrða stöndugar ekkjur til að tryggja viðurværi fatlaðrar eiginkonu sinnar og ungs sonar. Chap- lin skildi að til þess að ráðast gegn rötum kreppunnar á hvíta tjaldinu þurfti að fara óvæntar leiðir. Woody Allen var á svip- uðum slóðum þegar hann gerði

Charles Spencer Chaplin



mynd sína um bankakreppuna Blue Jasmine (2013) þar sem skúrurinn er eiginkonan sem kjaftaði um bankamanninn, ekki bankamaðurinn sjálfur. Mynd Chaplins um kreppuna var illa tekið; hún var bönnuð í Memphis og fékkst

ekki sýnd aftur jafnvel í New York fyrr en 1964 og dró enn úr hylli hans í Bandaríkjunum.

Næsta mynd Chaplins var Götuljós (Limelight, 1952). Chaplin var ekki meiri ákafamaður í stjórn málu en svo að nú var öll pólitík fokin út í veður og vind. Myndin fjallar um gamlan trúð sem finnst hann vera að missa fótanna og unga ballettdansmey sem styður hann í raunum hans. Myndina má skilja sem tregafulla lýsingu á dvínandi hylli Chaplins sjálfs í heimalandi sínu, Bandaríkjunum, og einnig sem lýsingu á erfiðu hlutskipti foreldra hans og annarra skemmtikrafta í London undir lok Viktoríutímans um aldamótin 1900.

Chaplin sigldi ásamt konu sinni og börnum frá Kaliforníu til London til að sjá heimsfrumsýningu myndarinnar þar, en hennar beið sniðganga heima fyrir. Honum barst skeyti um borð í skipið þar sem honum var tilkynnt að hann hefði verið sviptur leyfi til að snúa aftur til heimalands síns nema hann kæmi fyrst til yfirheyrslu um stjórn mála skóðanir hans og siðferði. Hann ákvað þá þegar að snúa ekki aftur. Fjölskyldan tók sér höfðustu í Sviss og bjó þar hamingjusamlega æ síðan. Hann átti eftir að gera tvær myndir enn.

Næstíðasta myndin hans, Kóngur í New York (A King in New York, 1957), er uppgjör við kommúnistaofsóknir McCarthy-áranna ásamt stólpagrini um ýmsa þætti bandaríks þjóðlífs, m.a. andlitslyftingar og auglýsingabransann. Chaplin hafði áhuga á efnahagsmálum, hafði m.a. hitt John Maynard Keynes og rökrætt við hann. Hann var vel kunnugur flestum andans mönnum um sína daga eins og hann vitnar um í sjálfsævisögu sinni sem kom út 1964. Albert Einstein, höfundur afstæðiskenningarinnar, var vinur hans. Grín Chaplins um auglýsingabransann 1957 er í góðu samræmi við lýsingu Johns Kenneths Galbraith á gerviþörfum í bók sinni The Affluent Society (1952). Myndin var ekki sýnd í Bandaríkjunum fyrr en 1973. Sumum fannst gæta beizkju í myndinni, beizkju sem drægi úr áhrifamætti boðskaparins. Chaplin kannaðist ekki við beizkjuna.

Síðasta mynd Chaplins, Greifynja frá Hong Kong (A Countess from Hong Kong, 1967), var fyrsta litmyndin hans fyrir breiðtjald, nú með Marlon Brando og Soffiu Loren í aðalhlutverkum auk Chaplins sjálfs, þægileg mynd, en þótti standa langt að baki fyrri myndum hans. Sagt var

að Brando hefði ekki látið vel að leikstjórn gamla mannsins. Handritinu hafði Chaplin legið á frá 1930. Honum sárnuðu dræmar undirtektir biógesta og gagnrýnenda.

Hann dó sæll og ríkur

Engum getur dulizt að Chaplin er einn mesti snillingur kvikmyndanna frá upphafi. Hann er sá eini sem tókst að flytja sig úr þöglum myndum yfir í talmyndir og gera enn betri og beittari myndir á nýjum vettvangi. Lykilinn að hyllinni og snilldinni er að flestar myndir Chaplins eru rammpólitískar, þrungnar ágengum boðskap, svo ágengum að bandarísk stjórnvöld töldu sig þurfa að ofsækja hann langtímum saman blásaklausan.

Bretar öðluðu Chaplin 1975 og Bandaríkjamenn veittu honum Óskarsverðlaun (heiðursverðlaun) 1972 þar sem hann uppskar lengsta lófatak í sögu verðlaunanna. Honum voru síðan aftur veitt Óskarsverðlaun árið eftir fyrir tónlistina í Götuljósnum þegar hún var endursýnd 20 árum eftir frumsýninguna. Hann hafði áður fengið tilnefningar fyrir Einræðisherrann og Monsieur Verdoux en þó ekki verðlaun. Á efri árum tónsetti hann margar myndirnar frá fyrstu árunum í Hollywood og talsetti t.d. Gullæðið (Gold Rush, 1925), þ.e. las inn á filmuna textann sem áður hafði birzt á tjaldinu og meira til. Myndirnar hans urðu alls 82.

Viðskiptavitið var ótvírætt og óbrigðult.
Chaplin
skildi

snemma að hann þurfti að öðlast fullt sjálfstæði gagnvart kvikmyndasamsteypunum. Auðurinn sem safnaðist að honum ungum manni í Kaliforníu gerði honum kleift að gefa sér langan tíma til að gera hverja mynd frá 1923 og áfram. Frá 1923 til 1967 gerði hann tíu myndir, þ.e. eina mynd á 4ja og hálfis árs fresti. Áður en Kreppan mikla skall á 1929 hafði hann flutt bréfin sín til Kanada og Suður-Afríku og tapaði engu sjálfur.

Hann andaðist á jóladag 1977, 88 ára, sterkefnaður, umkringdur ungri eigin konu og átta börnum þeirra í Sviss. Kannski væri minning hans sveipuð enn meiri ljóma hefði hann dáið bláfátækur úr drykkju-sýki eins og faðir hans. Chapl-





Liv Bergþórsdóttir

Maður ársins í atvinnulífinu

Liv Bergþórsdóttur var útnefnd maður ársins í atvinnulífinu af Frjálsri verslun, en það eru elstu verðlaun í viðskiptalífinu á Íslandi. Hér fer hún yfir stjórnandastarfið, lykilinn að langvarandi árangri, háskólanámið og nýjustu tæknina innan fjarskiptamarkaðarins.

Liv útskrifaðist með Cand. oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1995. Að námi loknu fluttist hún til London þar sem hún vann á vegum AIESEC hjá Citibank í rúmt ár. Þegar Liv snéri aftur heim fékk hún starf í markaðsdeild Sláturfélags Suðurlands. Liv byrjaði í fjarskiptageiranum árið 1998 þegar hún fékk vinnu sem markaðsstjóri Tals, sem um 5 árum síðar sameinaðist Íslandssíma og varð að Og Vodafone. Hjá Og Vodafone vann Liv sem framkvæmdarstjóri sölu- og markaðssviðs til ársins 2004 en þá fór hún í fæðingarorlof. Eftir fæðingarorlofið stofnaði hún fyrirtækið Sko, sem var laggjaldasímafélag á netinu, en hætti þar árið 2006. Síðar sameinuðust Sko og HIVE og úr varð nýtt Tal. Liv réð sig í nýtt verkefni sem fól í sér að skoða undirbúning að stofnun nýs 3G farsímafyrirtækis. Verkefnið þróaðist þannig að Nova opn-

”**Mín gæfa í lífinu er að hafa verið umkringd góðu fólki. Það gerir enginn neitt einn.**

aði formlega 1. desember 2007 og hefur Liv verið forstjóri fyrirtækisins frá stofnun. Að sögn Livar er enginn dagur eins.

„Starfið er fjölbreytt, ég fæ að vinna með öllum sviðum fyrirtækisins og eru verkefni því ólík hverju sinni. Minn bakgrunnur er í sölu- og markaðsmálum og ætli ég skipti mér ekki mest af því sviði,“ segir Liv, en hún kann að meta hvað starfið

býður upp á mikla fjölbreytni. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt og fjölbreytilegt starf. Starfið er í raun alls konar og það á svo vel við mig.“

Lærdómurinn heldur áfram að háskólanámi loknu

„Mín gæfa í lífinu er að hafa verið umkringd góðu fólki. Það gerir enginn neitt einn,“ segir Liv.

Þrátt fyrir að háskólanámi sé lokið telur hún námið aðeins rétt hálfnað. Hún segir fyrstu árin eftir nám vera mikilvæg til að byggja ofan á menntunina.

„Það er mikilvægt að hafa fyrirmyndir og góða yfirmenn, vera umkringdur góðum hóp af fólki þar sem lærdómurinn heldur áfram. Ég var með góða og reynslumikla yfirmenn sem miðluðu sinni þekkingu og reynslu áfram,“ segir Liv og nefnir mikilvægi hópsins og þakkar samstarfsfólki sínu í gegnum tíðina fyrir þann árangur sem hún hefur náð. Hún

líkir viðskiptum við hópíþróttir. „Í hópíþrótt er alveg sama hvað þú ert góð, það er liðið sem skiptir máli. Ástæðan fyrir því að ég er á þeim stað sem ég er á í dag er liðið sem ég hef spilað með í gegnum árin. Minn árangur endurspeglar algjörlega af árangri hópsins og þeim sem hafa unnið með mér í gegnum tíðina.“

Lív segir enga eina uppskrift af forstjórarstarfinu. Hún telur fólk vinna sér inn fyrir þeim árangri sem það nær.

„Ef mann langar til að komast langt, sama í hvaða starfi það er og í hverju það er, hvort sem það er í viðskiptum eða íþróttum, þá myndi ég segja að það er ekkert sem kemur af sjálfu sér. Þú þarft að æfa þig og leggja þig fram. Það eru oft ekki einhverjir eiginleikar eða hæfni sem einhver einn hefur. Löngunin getur haft meira að segja en hæfnin og getan.“ Að sögn Lív- ar hefur hún alltaf unnið mikið og haft gaman af því. Hún hefur tekið starfsferil sinn í skrefum. „Ég kom ekki beint úr skóla, tók flottasta starfið og varð beint stjórnandi. Ég hef gert hitt og þetta.“ Lív segir árangur vera sambland af mörgum þáttum. „Þetta er ákveðin heppni líka, en maður er oft búinn að vinna sér inn fyrir heppninni. Því maður er meðvitað eða ómeðvitað búinn að vinna sig í átt að einhverju. Þá hefur minn ferill móttast af þátttöku í stofnun nýrra félaga og í því hafa mín tækifæri legið.“

„Ég væri ekki á þessum stað í dag hefði ég ekki farið í gegnum þetta nám.“

Lív hvetur viðskiptafræðinema til að vera óhrædda við að velja afanga sem höfða ekkert endilega til þeirra við fyrstu sýn. Hún segir að það hafi komið henni vel að notum að kynna sér marga ólíka snertifleti viðskiptafræðinnar.

„Maður á það til að forðast ákveðin fög sem höfða ekki til manns. Það getur skilað manni miklu að hafa ákveðna breidd og því er gott að gera námið ekki of einhæft.“ segir Lív og bendir á að viðskiptafræðinám- ið við Háskóla Íslands hafi kennt henni ákveðinn aga. Hún hafi lært að vinna í hóp, skila verkefnum á settum tíma og þurft að mæta í skólann. Lív minnst á að hafa verið með hæfa og góða kennara og að námið hafi gert henni vel. „Ég væri ekki á þessum stað í dag hefði ég ekki farið í gegnum þetta nám. Það er alveg á hreinu.“

Hennar eigin keppni

„Það er í viðskiptum, eins og í íþróttum, að ef þú ætlar að ná settum markmiðum, þá er ekki bara nóg að mæta á æf-

ingu. Oftast hjálpar að huga líka að mataræðinu, svefninu, heildinni og vera í jafnvægi almennt, það er allt sem þú gerir sem skiptir máli, ekki bara eitthvað eitt.“ segir Lív en að sögn hennar er mikilvægt að gera hlutina fyrst og fremst fyrir sjálfan sig. „Auðvitað hef ég ákveðinn metnað en það er fyrst og þessi sjálfsvilji. Mér finnst starfið skemmtilegt. Það er mín keppni, en hún er innbyggð og kemur ekki annars staðar frá.“ Hún telur einnig mikilvægt að einbeita sér að þeim verkefnum sem sinna þarf hverju sinni. „Þetta gengur ekki út á að reyna að koma sér á einhvern stað eins fljótt og hægt er. Maður vill líka að þegar maður tekur við næsta starfi fyrir ofan sig að maður sé búinn að nýta það starf sem maður var í fyrir. Það býr mann undir það að taka næsta skref.“

Lív tekur það fram að það sé ekkert endilega gott að vera alltof upptekinn af framtíðinni. Hún er þeirrar skoðunar að ef hlutirnir ganga ekki eins og maður vill þá sé alltaf hægt að taka skref í einhverja aðra átt.

„Þú getur aldrei orðið góður í neinu nema þú hafir brennandi löngun og áhuga til þess að ná árangri á viðkomandi sviði.“

Í sambandi við atvinnu- möguleika upprennandi komandi kynslóðar viðskiptafræðinga segir Lív það vera mikilvægt að fylgja ástríðunni.

„Þú getur aldrei orðið góður í neinu nema þú hafir brennandi löngun og áhuga til þess að ná árangri á viðkomandi sviði,“ segir hún og bætir við að maður ætti að vera óhræddur við að láta eitt leiða að öðru. Þegar hún sjálf horfir til baka tengir hún viðskiptafræðinám- ið við skemmtilega tíma. „Það skiptir svo gríðarlega miklu máli að njóta tímans meðan á náminu stendur. Þú nærð ekki árangri nema það sé skemmtilegt, þú sért með góðu fólki og að það sé ákveðin gleði til staðar.“ Hún segir það mikilvægt að njóta augnabliksins og flýta sér hægt.

Nýir markaðir, ný tækifæri

Lív segir að á nýjum mörkuðum liggja oft óuppgötvuð tækifæri. Hún þekkir það best sjálf þar sem hún hefur verið í fjarskiptageiranum síðastliðin 19 ár. „Það eru oft ákveðin tækifæri, myndi ég segja, sem fylgja nýjum atvinnugeirum. Þá sérstaklega fyrir ungt fólk að stökkva inn í og safna sér þá samhliða þekkingar og reynslu. Núna eru all-



ir geirar að verða tæknigeirar þannig að þeir eru allir að ganga í gegnum ákveðna endurnýjun. Það skapar tækifæri fyrir nýtt fólk að gera hlutina öðruvísi en þeir hafa alltaf verið gerðir.“

4,5G og stærsti skemmtistaður í heimi

Með hverju árinu fylgja nýjar áskoranir og Lív segir mann alltaf þurfa að vera á tænum.

„Markaðir eru síbreytilegir og maður þarf að aðlaga fyrirtækið alla daga að breyttum áherslum, taka ný skref og þróa fyrirtækið áfram til að halda í því lífi. Hvað Nova varðar sáum við tækifæri að stofna nýtt félag með nýjar áherslur samhliða þeim breytingum sem ljóst var að yrðu á þessum markaði. Það er alveg sama hvað þú ert með gott markaðsstarf það þarf allt að smella saman, fjarskiptakerfið þarf að vera í lagi, þjónustan, verðlagningin, rétta starfsfólkið og allt þarf að ganga upp.“

Hún segir mikið lagt upp úr ánægju starfsmanna hjá Nova og að skemmtun og árangur hangi saman, en gleðin mótast líka að miklu leyti af árangrinum. Aðspurð út í hvornig Nova finni hið rétta jafnvægi í þessum málum, segir Lív það ekki vera mikið vandamál.

„Fyrir hvern og einn starfsmann eru ákveðnar kröfur gerðar til hans um að standa sig í starfi og ef viðkomandi metur það sem svo að hann hafi tíma til þess að spila Playstation eða fara í borðtennis, þá er hann fullfær um það, enda skilar hann sínum verkefnum. Þá er

alltaf gott að standa upp og sitja ekki fastur við skrifborð allan daginn. Það skilar á endanum meiri árangri.“

Snjallari heimili

Lív ræðir þá spennandi þróun sem nú á sér stað og snjallvæðinguna.

„Við munum hefja uppsetningu á 4,5G sendum á árinu og skipta hluta fjarskiptakerfisins út fyrir slíka enn öflugri og afkasta meiri senda. Síðan biðum við eftir 5G sem væntanlega kemur í kringum 2020.“

Í sambandi við þessa þróun segir Lív það vera eðli tækninnar að vera breytileg og þykir henni spennandi að takast á við þessa framtíð.

„Alveg eins og við erum búin að sjá gríðarlega aukningu í notkun á neti í farsímum þá horfum við til þess að það verði veruleg aukning netnotkunar á heimilum því öll tæki eru að verða snjalltæki, þau munu tengjast inná netið.“

Snjallvæðing inn á heimilum er eitthvað sem Lív segir Nova vera staðráðið í að vera hluti af og að fyrsta skrefið hafi verið að byrja að bjóða ljósleiðarþjónustu. Að lokum nefnir Lív að hún hafi áhuga á því að kynna fjarskiptageirann fyrir nemendum við Háskóla Íslands, þá einkum til að velja athygli á þeim tækifærum sem sá markaður hefur upp á að bjóða.

„Við sjáum svo spennandi framtíð og viljum að sem flestir líti á þennan geira sem áhuga-vert framtíðar atvinnutækifæri. Mig langar að sjá ungt fólk koma út úr skóla, stofna sín eigin fyrirtæki og koma með nýjar áherslur inn á markaðinn eða koma í vinnu til okkar og hjálpa okkur að verða enn betri.“

Samfélagsmiðlar

Twitter



Tender Turbo™
@KJATURBO

#Oddadólurinn kom við, ráfaði milli borða í nokkrar mínútur, bardúsaði eitthvað með möppur og plastpoka, og fór þegar allir voru farnir.

10:28 AM - 11 Dec 2016

Háskóli Íslands
@Haskoli_Islands

Hvað eiga Icesave, uppvottavélar og fríhafnir sameiginlegt? Tengist allt vinsælustu svörum Vísindavefsins 2016.

Hervald Rúnar
@hervald1

Þú átt alltaf vin þegar á reynir. #oddadólurinn

5:08 PM - 15 Oct 2016


nóri
@Keisaritungls

Heilir 3 tímar liðnir og @oddadolgurinn er ekki búinn að dólgastr! Þetta er annaðhvort mjög gott eða rosalega slæmt ...

5:29 AM - 7 Dec 2016

Stefan Atli
@stefanati

#emistand
Eftir að Lars Lagerbäck hætti hjá Landsliðinu fór hann greinilega að vinna í BYKO!
@footballiceland



Íða Pálsdóttir
@idapals - 6 Dec 2016

when yo life is a fuckin joke pic:twitter.com/NDAgIrapCL

Íða Pálsdóttir
@idapals

Í dag er ég ekki búin að borða kjöt í ár. er hvorki að deyja úr næringaskoti né orkuleysi. allt saman mjög ez. please hættum að borða kjöt.

RETWEETS 6 LIKES 159

Þjarni Benediktsson
@Þjarni_Ben

Ég vil opna bókhaldið þannig að þeir sem greiða reikninginn, skattgreiðendur, geti séð, reikning fyrir reikning, í hvað fjármunirnir fara.

RETWEETS 15 LIKES 136

1:54 AM - 27 Sep 2016

Sigurður Bjartmar
@bjartmar

hvernig fann ég mig og hvað ég vildi gera í lífinu? borgaði kilroy 800.000kr, fór til Asíu, kom heim og mamma sagði mér að fara í viðskiptaf

RETWEETS 13 LIKES 323

1:37 PM - 28 Feb 2017

Sindri Freyr
@sindrifg

Loksins hægt að gera groups a snapchat! Betra seint en aldrei sagði einhver

11:39 AM - 13 Dec 2016 from Iceland

Arnar Kjartansson
@arnar111

Að koma tweet-inu sínu á Rúv er nýja 15 minutes of fame, tæknin sko #kosningar

5:30 PM - 29 Oct 2016 from Iceland

Arnar Kjartansson
@arnar111

"Ég held að ég kunnir ekki að ropa" - Systir mín við matarborðið #what #jól #wtf

5:46 AM - 24 Dec 2016 from Iceland

Sindri Freyr
@sindrifg

4 sæti whatup

VISIT BYLGJAN

Mánudagur 12. Desember 2016

| Foraði | Víkjastíll | Þettir | Stórabari | LÍB | Ómáuglýsingar | Festigjafur |
|--------|------------|--------|-------------|------------------|---------------|-------------|
| Ísland | Þetta | Dagur | Húsnæðisráð | Íslenskt tónlist | Leikir | Topp 2 |

20 vinsælustu lögin á Bylgjunni

- 1 Robbie Williams Love my life
- 2 Olly Murs Grow up
- 3 Train Play that song

LIKES 6




1:56 AM - 13 Dec 2016

Háskóli Íslands
@Haskoli_Islands

Fylgist með Stefáni Atla viðskiptafræðinema sem verður með #haskolasnappi í þessari viku.



Samfélagsmiðlar Instagram



Rebbi kynnir

Jafnréttisnefnd Stúdentaráðs

Rebbi er á ferð um skólann þegar hann dettur óvart inn á miðjan fund jafnréttisnefndarinnar. Fundarfólkið virðist sem betur fer ekki taka eftir Rebba litla sem laumar sér hljóðlega út í horn og sperrir eyrun forvitinn. Við fundarborðið sitja nokkrir alvarlegir stúdentar og rökræða jafnréttismál á milli kaffisopa. Meðal þess sem Rebbi heyrir eru kynlaus klósett, óaðgengilegar lyftur, dömubinda-sjálfsalar, jafnréttisráðherrar, brunavarnir, rafmagnshurðir...

Allt í einu lítur einn stúdentinn upp og beint á Rebba.



Hárin rísa á hnakkanum á litla greyinu og hann stirðnar allur upp af skelfingu. Hann ætlaði jú aldrei að láta sjá sig, enda er þetta hann Rebbi gamli refur. „Heyrðu, Rebbi, hvað ertu

að fela þig þarna úti í horni?“ spyr stúdentinn og nú beinast allra augu í átt að Rebba.

„Uuu, afsakið,“ segir Rebbi og setur gamla góða spekingssvipinn sinn „hvað í fjáranum eruði að bralla hérna?“

Jafnréttisnefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands er ein nokkurra nefnda innan ráðsins. Nefndin sér um jafnréttismál fyrir hönd stúdenta, en eitt helsta verkefni hennar er skipulagning Jafnréttisdaga. Auk þess tekur nefndin þátt í stefnumótun háskólans í jafnréttismálum og berst fyrir bættu jafnrétti innan skólans. Í nefndinni

sitja sex meðlimir, þar af eru tveir viðskiptafræðinemar. Formaður nefndar er Ingileif Friðriksdóttir lögfræðinemi og Hinseginleiksnappari. Meðlimir nefndarinnar eru afar fjölbreyttir og koma af hinum ýmsu deildum háskólans. Auk þess eru tveir Vökuliðar, tveir Róskvuliðar og tveir óháðir aðilar, en enginn er að velta sér upp úr því úr hvaða liði hver er. Virðing, ábyrgð og samvinna eru leiðandi gildi innan nefndarinnar og starfar hún með það að leiðarljósi að vinna saman að bættu jafnrétti innan skólans.

● Rebbi, Ingileif, Brynja, Vilborg.... + [Microphone] [Camera] [Close]

Hvað í fjáranum eruði þið að bralla?

Rebbi

Ég er formaður nefndarinnar og hef því haldið utan um starfið. Að mínu mati er okkar helsta baráttumál í dag að bæta aðgengi á háskólasvæðinu enda er það alls ekki viðunandi víðast hvar. Svo er mikilvægt að horfa á jafnrétti í víðum skilningi og bregðast hratt og örugglega við því ef pottur er brotinn í þeim efnum.

Ingileif - lögfræði

Ég er ritari Jafnréttisnefndar SHÍ. Ég skrifa fundargerðir svo við í nefndinni og komandi nefndarmeðlimir geti litið yfir það hvað gert hefur verið ár árinu. Við í nefndinni höfum brallað margt á árinu en á döfinni eru jafnréttisdagar nefndarinnar sem við ætlum að halda bráðlega. Það verður áhugavert og skemmtilegt enda var virkilega gaman að taka þátt í Jafnréttisdögum háskólanna í fyrra.

Brynja – Tómstunda- og félagsmálafræði

Í jafnréttisnefndinni hef ég verið að bralla ýmislegt hvað varðar geðheilbrigðismál og lýðheilsu nemenda.

Ási - sálfræði

● Rebbi, Ingileif, Brynja, Vilborg.... + [Microphone] [Camera] [Close]

Hvað er ég ekki að bralla?! Við í Jafnréttisnefnd SHÍ leggjum mikla áherslu á að taka fyrir breitt bil sem spanna ýmis málefni, en sjálf beiti ég mér fyrir og legg áherslu á jafnrétti til nams en þar má t.d nefna aðgengismál og upptaka fyrirlestra. Gaman er að segja frá því að nú á að setja upp rafmagnsrofa a helstu lesstofur háskólans eftir að við bentum á lelegt aðgengi að þeim! jafnrétti kynjanna er mer einnig efst í huga!

Vilborg - viðskiptafræði

Ég er í jafnréttisnefndinni til að passa uppá að öllum nemendum líði vel í skólanum og að þetta sé öruggt rými fyrir þau. Helst langar mig að berjast fyrir því að nemendur með sértæka námsörðuleika viti hvert þeir eigi að leita og það sé staðið við bakið á þeim.

Fannðís – stjórn málafræði

Jafnréttis- og mannréttindamál hafa alltaf verið mitt hjartans mál, enda er ég sjálf fötluyð og tel mig hafa mikla reynslu af þessu. Ég held að reynsla mín og þekking gætu komið nefndinni og öðrum stúdentum til góðs við að gera skólann okkar að enn betri stað. Láttu mig vita ef það er eitthvað sem ég get gert fyrir þig, Rebbi minn

Áslaug - viðskiptafræði

Skiptinám erlendis

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið


Nemendum í viðskiptafræði býðst að taka hluta af náminu við ýmsa viðurkennda skóla, víðs vegar um heim. En til þess að allt gangi upp og námið fái stöð þarf að vanda sig við umsóknarferlið og gefa sér góðan tíma til þess að fylla út öll skjöl og safna saman þeim upplýsingum sem beðið er um. Best er að fara mjög tímanlega af stað og nota haustönnuna vel, því ef beðið er fram yfir áramót getur vel verið að menn falli á tíma og nái ekki að skila inn fullgildri umsókn.

Fjölmargir skólar fara fram á að nemendur hafi lokið tungumála-prófinu TOEFL og þau eru haldin með vissu millibili allt árið um kring hjá Promennt. Engin ástæða er til að bíða með að fara í það, því svo tekur tvær vikur að fá niðurstöður úr því og þær verða að fylgja með umsókninni.

Skrifstofa Alþjóðasamskipta hjá Háskólanum er mjög hjálpleg og veitir fúslega upplýsingar til þeirra sem þangað leita, en auk þess eru mjög greinargóðar upplýsingar á heimasíðu Háskólans um allt ferlið. Inni á www.hi.is/skipt-

inam er gátlisti sem hægt er að fylgja og þar eru ítarlegar leiðbeiningar um allt sem þarf að gera áður en sótt er um skiptinám. Á heimasíðunni er hægt að sjá alla skóla sem HÍ er í samstarfi við, alla styrki sem boðið er upp á, kynningarbækling, reynslusögur, svör við algengum spurningum og margt fleira gagnlegt.

Það er meira mál en margur heldur að velja rétta skólann og ganga úr skugga um að hann bjóði upp á skiptinám í þínu fagi en ekki t.d. bara í verkfræði. Það eru ótrúlega margir skólar í boði og sumir eru vinsælli en aðrir en þá er líka hugsanlega erfðara að komast inn í þá. Sumir horfa til þess hvar sé gott veður, aðrir vilja vera þar sem er beint flug til Íslands, og sumir horfa eingöngu til þess hversu ofarlega skólinn er metinn á akademískum mælikvarða en slíkar upplýsingar má auðveldlega finna á netinu. Þegar búið er að velja tvo til þrjá skóla sem koma til greina, þarf að skoða námskrá þeirra vel og skrá niður þá kursta sem þig langar að taka. Það kallast að gera námssamning eða námsáætlun og þetta er ekki



Mynd: Moyan Brenn

gert á einu kvöldi. Skrifstofa viðskipta- og hagfræðideildar þarf svo að fá nokkrar vikur til þess að fara yfir áfangana og finna samsvarandi kursta á þínu kjörsviði eða valáfanga og skrifa undir námssamninginn.

Allir umsækjendur þurfa að skrifa kynningarbréf, svokallað „Statement of purpose“ til að auka líkurnar á að vera valdir.

Þegar þetta liggur allt klárt fyrir er komið að umsókninni sjálfri en frestur til að sækja um til Bandaríkjanna er 15. janúar ár hvert og 1. mars til Evrópu. Sækja þarf um raf-rænt á www.hi.is/skiptinam og skila svo umsókninni útprintaðri og undirritaðri ásamt öllum fylgigögnum í

umslagi til Þjónustuborðs á Háskólatorgi.

Þar með er fyrsta hluta umsóknarferilsins lokið og þá er beðið eftir því að fá tilnefningu frá HÍ. Að því loknu þarf að fá samþykki frá skólanum úti. Þegar það er í höfn, tekur við eiginleg umsókn við erlenda háskólann sem nemandinn ber ábyrgð á sjálfur. Það telst vera seinni hluti umsóknarferilsins.

Þetta ferli er allt saman útskýrt mjög vandlega á heimasíðu Háskólans og svo heldur skrifstofa Alþjóðasamskipta líka kynningarfundir fyrir áhugasama. Skrifstofan er til húsa á efstu hæðinni á Háskólatorgi og þangað má alltaf leita eftir nánari upplýsingum.





Undirbúningur *fyrir starfsviðtal*

Þú varst að fá boð í áhugavert atvinnuviðtal. Þú ert auðvitað í skýjunum með þetta dýræta tækifæri, en um leið ertu að fara yfir um af stressi. Þú veist varla hvernig viðtalið mun fara fram, hvernig þú átt að klæða þig, haga þér eða hvernig viðtökurnar munu vera.

Atvinnuviðtöl eru mikilvæg á vinnumarkaðnum. Hér hittast atvinnu veitendur og atvinnu umsækjendur og skoða hvert annað. Atvinnu veitendur vilja heyra hljóðið í væntanlegu starfsfólki, sjá hvernig það lítur út, klæðir sig, hagar sér og þess háttar auk þess sem þeir nýta tækifærið til að spyrja

starfsfólkið nánar út í ferilskrá þess. Á sama tíma fær væntanlegt starfsfólk tækifæri til að kynna atvinnuveitandanum, átta sig á hvort starfið henti þeim og síðast en ekki síst fer þetta viðtal beint í reynslubankann. Því þarf fólk að hafa það á bak við eyrað að atvinnuviðtöl eru mikilvæg fyrir báða aðila.

Hér koma nokkur góð ráð hvernig þú átt að undirbúa þig fyrir atvinnuviðtal úr smíðju viðskiptafræðinemans:

En hvernig átt þú að búa þig undir atvinnuviðtal?

ÞÚ ERT SÖLUVARA! Ráð sem tryggja þér draumastarfið:

- Handabandið er mikilvægt. Taktu í hönd vinnuveitandans. Með sterku handabandi sýnirðu sjálföruggi. Taktu í hönd allra þeirra sem koma að viðtalinu.

- Vertu ekki of alvarleg/ur. Þó það sé oft stressandi að fara í atvinnuviðtöl er mikilvægt að vera léttur í skapi. Mundu að brosa og sýndu vinnuveitanda að þér þyki samræðurnar áhugaverðar.

- Undirbúningurinn skiptir öllu. Vertu með á hreinu hvað svar þitt verður við spurningum vinnuveitandans. Oft koma óvæntar spurningar og því er mikilvægt að „hefðbundnu svörum“ sé auðsvarað.

- Reynslan skiptir máli. Aðspurð/ur út í fyrri störf skaltu nota þau þér til framdráttar. Bentu á það að reynslan sem þú öðlaðist úr fyrri störfum myndi koma til með að nýtast þér vel í þessu starfi.

- Einblíndu á eigin eiginleika í stað ókosta. Eitt það allra mikilvægasta í atvinnuviðtali er að vera jákvæður í garð sjálfs þíns. Aldrei tala sjálfa/n þig niður. Þú ert í söluvara sem atvinnurekandi á möguleika á að fjárfesta í. Talaðu frekar um kosti þína fremur en galla.

- Vertu snyrtileg/ur. Þú ert það fyrsta sem vinnuveitandinn sér. Það er ákveðin fagmennska fólgin í því að vera vel til hafður.

- Vertu vel upplýst/ur. Aflaðu þér upplýsinga um vinnustaðinn. Það sýnir aukinn áhuga og gæti létt undir samræðum.


- Markmið eru nauðsynleg. Vinnuveitandi gæti hafa tekið tíu viðtöl áður en þú mættir á svæðið. Þitt meginmarkmið er að skilja eftir þig jákvæð og eftirminnileg skilaboð. Hjálpaðu vinnuveitanda að svara spurningunni af hverju hann ætti að ráða þig fram yfir hina.

- „Stutt“ og „hnitmiðað“ eru stikkorðin þín. Vandaðu orðaval og skildu eftir þær upplýsingar sem þú vilt að vinnuveitandi viti um þig að viðtali loknu. Varastu að tala of mikið um hluti sem skipta vinnuveitandann litlu. Hérna spilar undirbúningur stórt hlutverk.

- Mikilvægt er að hafa í huga að sama hvernig atvinnuviðtalið fer þá lærir maður alltaf eitt-hvað nýtt í hverju viðtali og getur það nýst manni seinna meir.

- Passaðu upp á málfar. Hafðu í huga að forðast hikorð, stam og málfræðivillur.

Gangi þér vel



TVENNUNU TILBOÐ



ÞÚ SÆKIR PIZZU OG STÓRAN SKAMMT AF BRAUÐSTÖNGUM, OSTAGOTT
EÐA KANILGOTT OG FÆRÐ AÐRA PIZZU SÖMU STÆRÐAR AÐ AUKI.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!



Kennaraviðtöl

Sveinn Agnarsson Dósent við Viðskiptafræðideild

„Gríptu daginn“

Uppáhalds fræðimaður?
Mark Lewis.

Hvaða ár verður næsta hrun? Ef maður vissi það þá væri maður ríkur.

Uppáhalds nemandi? Er enn að biða eftir þeim rétta.

Hvaða bók ættu allir viðskiptafræðingar að lesa? Þú getur ekki skilið nútímann nema þekkja fortíðina: Einhver góð bók um íslenska hagsögu.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þegar fólk heldur að það viti meira en það gerir.

Lýstu sjálfum þér í þremur orðum. Fróðleiksfús, ólatur, kóngur.

Hvert myndirðu fara ef þú værir ósýnilegur? Vera við kvöldverðarborðið hjá Putin.

Hvað er þitt guilty pleasure? Mahjong.

Trump vs. Hillary? Hvort er betra pest eða kólera?

Upphaldsmatur í Hámu? Rauðsprettu.

Áttu snapchat? Aldrei séð það.

Hvað ertu með í vasanum? Swiss army knife, lykla, minniskubb og Vicks varasalva.

Ertu með leyndan hæfileika? Kann fyrstu fjórtán aukastafina í PÍ.



Tinna Laufey Ásgeirsdóttir Prófessor við Hagfræðideild

„Hafa gaman“

Uppáhalds fræðimaður? Charles Darwin almennt, en innan hagfræðinnar hefur Gary Becker haft mikil áhrif á mig sem og náttúrulega bæði Ragnar Árnason og Þorvaldur Gylfason!

Hvaða ár verður næsta hrun? Á morgun.

Uppáhalds nemandi? Hún hætti í fyrsta tíma í Háskólabíói hér um árið og ég hef ekki séð hana síðan. Hún hvarf í þvögu 400 nemenda.

Hvaða bók ættu allir viðskiptafræðingar að lesa? Ég held að bækur séu almennt ofmetnar, sem og lestur og upplýsingar.


Hvað fer mest í taugarnar á þér? Að ná ekki að svara hverri spurningu með góðum fimmaura brandara.

Hvert myndirðu fara ef þú værir ósýnileg? Að synda með hákörllum eða vera til fóta hjá Donald Trump og frú eitthvað kvöldið (ef til vill svipuð tilfinning).

Trump vs. Hillary? Guðni Th. Jóhannesson.

Hvað ertu með í vasanum? Bækurnar „The Icelandic Fisheries“ og „Principles of Economic Growth.“

Ertu með leyndan hæfileika? Já, ég er góð í að sitja á mér. En hæfileikinn er mjög leyndur eins og viðtalið ber með sér.





KBE: DJ Spegill, Arnór, Herra Hnetusmjör og Joe Frazier

Herra Hnetusmjör

Árni Páll, betur þekktur sem Herra Hnetusmjör, er oft talinn vera vonarstjarnan í íslensku rapp-senunni. Hann kom fram á sjónarsviðið snemma árið 2014 með lagi sínu 'Elías' og hefur verið að senda frá sér tónlist jafnt og þétt síðan. Árni og félagar hans í KBE (Kóp Bois Entertainment) hafa m.a. spilað á Iceland Airwaves, Secret Solstice, Þjóðhátíð í eyjum og hitað upp fyrir Rae Stremmur svo fátt eitt sé nefnt.

Mágusartíðindi settust niður á Serrano með Árna í Kópavogi og ræddu við hann um rappferilinn, venjulegan dag í lífi rappara á Íslandi og hvað sé framundan.

Hver er Herra Hnetusmjör? Tvitugur drengur úr Kópavogi, þörupiltur og hörkuduglegur tónlistarmaður

Hvenær og hvernig hófst rappferill þinn? Hann hófst þegar ég gaf út 'Elías' í febrúar 2014. Ég var samt búinn að vera að búa til einhver lög áður en gaf þau ekki út.

Ég met þetta svoltið í þremur tímabilum. Fyrsta tímabilið er þegar ég gef út 'Elías.' Annað tímabilið er þegar ég kynnist Joe Frazier og við gerum lagið 'Hvítur

”

Gerðu tuttugu lög áður en þú gefur fyrsta lagið þitt út. Það er rosalega auðvelt að gefa út lög í dag, með tilkomu Youtube, Soundcloud og Spotify. Ungir strákar í dag eru svo spenntir að gefa út lög að þeir gefa út fyrsta lagið sem þeir taka upp.

bolur gullkeðja' saman.

Þriðja tímabilið er að byrja núna, 2017, þar sem ég er nýbúinn að gefa út '203 stjórninn'.

Getur þú lýst venjulegum degi í þínu lífi? Já, eigum við ekki að taka bara daginn í dag. Ég vaknaði klukkan tíu, fór og hittí Nike og fékk fót þar, svo er ég núna hjá þér í viðtali. Beint eftir viðtalið er ég að fara í stúdíó, eftir það í soundcheck fyrir Verzlóball. Síðan fer ég út að borða með mömmu, og eftir það að spila í Nike-party í Petersen svítunni. Eftir Petersen mun ég spila í Verzló fyrirpartyi og síðan beint eftir það á Verzlóballi.

Átt þú þér uppáhalds lag eftir þig? Yf-



Annað hvort eða?

- Mandí eða Ali Baba? - Mandí
- Justin Timberlake eða Justin Bieber? - Justin Bieber
- DJ Spegill eða DJ Stefán Atli? - DJ Spegill Atli
- Instagram eða Snapchat? - Instagram
- Samsung eða iPhone? - iPhone
- Blaz Roca eða Emmsjé Gauti? - Blaz Roca
- Kettir eða hundar? - Hundar

irleitt er þetta þannig að ég hlusta á lögín mín trekk í trekk, áður en ég gef þau út.

Eins og núna er ég með lag sem heitir 'Ár eftir ár' sem ég er tiltölulega nýbúinn að gera og er að hlusta mikið á þessa dagana. Ég hætti svo að hlusta á lögín mín þegar þau koma út því þá er ég búinn að vera að hlusta á þau í nokkra mánuði áður en þau koma út, aðeins að breyta og bæta. Mér þykir mjög vænt um lagið 'Hvítur bolur gullkeðja' og lögín sem ég er að syngja í eins og 'Föstu' og 'Slaka'.

Uppáhalds íslenski rappari? Ég.

Hver myndi leika þig í bíómynd? Ég myndi taka Eminem á þetta og leika sjálfan mig. Ég var í leiklist þegar ég var yngri, Sönglist í Borgarleikhúsinu. Myndi bara taka þetta sjálfur og græða pening þannig.

Ef þú þyrftir að fara í nám núna, hvaða nám yrði fyrir valinu og af hverju? Ég held ég myndi þurfa að klára menntaskóla



áður en ég færi að gera eitthvað annað.

En ef þú mættir velja hvaða nám sem er og ekki væri skylda að klára menntaskóla? Etlí að það sé ekki eitthvað leiklistartengt. Myndi örugglega fara í leiklist.

Hvaða ráð myndir þú gefa ungum

og efnilegum röppurum sem eru að stíga sín fyrstu skref í rappheiminum? Gerðu tuttugu lög áður en þú gefur fyrsta lagið þitt út. Það er rosalega auðvelt að gefa út lög í dag með tilkomu Youtube, Soundcloud og Spotify. Ég tók upp fyrsta lagið mitt á USB mic. Það hljómaði ágætlega, henti þessu bara í Garageband og það náði vinsældum. En ég var samt búinn að gera fullt, fullt, fullt af lögum áður en ég gaf út þetta lag. Ungir strákar í dag eru svo spenntir að gefa út lög að þeir gefa út fyrsta lagið sem þeir taka upp. Í staðinn fyrir að æfa sig og gera kannski nokkur lög og fínþússa sinn stíl áður en þeir gefa lögín út.

Hvar sérð þú sjálfan þig eftir 10 ár?

Eftir 10 ár þá er ég þrítugur. Ég sé fram á að ég verði aðeins farinn að slaka á í rappinu, kannski meira á bak við tjöldin. Ég verð búinn að byggja upp KBE (Kóp Bois Entertainment). Verð að hjálpa ungum og efnilegum tónlistarmönnum að koma sér á framfæri.

Hvað er framundan 2017 hjá Herra Hnetusmjöri?

Alls konar spennandi. Ég er að fara að gefa út fleiri lög, fullt af myndböndum m.a. við lagið 'Ár eftir ár' og 'Þetta má', sem ég gerði með Emmsjé Gauta. Svo er ég að spila út um allt. Þessa helgi og næstu er ég að spila á Akureyri. Einnig eru mörg menntaskólaböll framundan og allar þessar tónlistarhátíðir, þetta verður sturlað ár!



*Kreditkort
er ekki gefins
peningur*

En því fylgja fríðindi

Bláa kortið er kreditkort fyrir námsmenn. Með því færðu fjölbreytt tilboð, alls konar afslætti og góðar ferðatryggingar. **Búðu þig undir spennandi framtíð.**

Nánar á arionbanki.is/namsmenn

 Arion banki
- fyrir framtíðina



ÁRSHÁTÍÐ MÁGUSAR 2017

11. mars *Mörkin 6, veislusal Ferðafélags Íslands*

Veislustjórar kvöldsins

Auðunn Blöndal og Steindi Jr.

18:00 Húsið opnar

18:15 Fordrykkur í boði Rolf Johansen & CO

19:00 Matur hefst

20:00 Happadrætti

21:30 Pub quiz

22:30 Frikki Dór tryllir lýðinn

23:30 Rikki G keyrir okkur inn í nóttina

00:45 Rútur í miðbæinn

SOHO veislupjónusta sér um mat kvöldsins sem inniheldur forrétt, aðalréttarhlaðborð og eftirrétt

Vinningar

24 Iceland, Tapas barinn, Gló, Vit Hit, Nova, OMNOM, Smáratívolí, krispy kream, Reykjavík Chips, Dominos og fl.

Frjálst er að koma með eigin fljótandi veigar en einnig verður bar á staðnum.

Skemmtinefnd Mágusar





BM·VALLÁ BM·VALLÁ BM·VALLÁ

VEITINGA- OG SKEMMTIÐAÐUR STÚDENTA


studentakjallarinn.is
Háskólatorg Sæmundargötu 4

DON'T LET
schooling interfere with your
EDUCATION

Mark Twain



STÚDEN
TAKJAL
LARINN



MEISTARANÁM Í HR

Opið fyrir umsóknir til 30. apríl

ru.is/meistaranam/vidskiptafrædi/


„Starf mitt hjá HS Orku felur í sér margar skemmtilegar áskoranir og tel ég mig verða enn betur undirbúinn að takast bæði á við þær sem og nýjar að námi loknu. Námsskipulagið í meistaranáminu er sveigjanlegt og ég hef fundið gott jafnvægi milli náms og vinnu.“

Matthías Örn Friðriksson

Meistaranevi í fjármálum fyrirtækja
Innkaupastjóri hjá HS Orku


[f](https://www.facebook.com/haskolinnireykjavik) @haskolinnireykjavik [i](https://www.instagram.com/haskolinn) @haskolinn #haskolinnrvk [t](https://twitter.com/haskolinn) @haskolinn





ÍSLENSKT FINGRASTAFRÓF

© SAMSKRIFTASTOFU HEIMNAVAUSA OG HEIMNASEBETNA



Viltu auka atvinnumöguleika þína?

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur í 20 ár boðið upp á fjölbreytt, krefjandi og metnaðarfullt meistaranám. Með fjölbreytni í námsleiðum viljum við koma til móts við þarfir atvinnulífsins.

Nú höfum við bætt við enn einni námsleið

MS í þjónustustjórnun

Framhaldsnám í þjónustustjórnun til MS gráðu er í senn hagnýtt og fræðilegt nám fyrir þá sem vilja öðlast þekkingu og skilning á þeim sértæku úrlausnarefnum er tengjast stjórnun í þjónustufyrirtækjum eða -stofnunum.

Atvinnumöguleikar

Eftirspurn í atvinnulífinu eftir aukinni þekkingu á þjónustustjórnun er mikil og vaxandi. Stór hluti atvinnulífsins er byggður á þjónustu hvort sem um er að ræða einkageirann eða opinbera geirann og kröfur um aukna fagmennsku fer vaxandi. Atvinnutækifærin eru því fjölbreytt og tengjast öllum helstu atvinnugreinum landsins svo sem eins og ferðaþjónustu, fjármálaþjónustu, velferðarþjónustu og smásölu svo dæmi séu tekin.



Hægt er að velja um 12 námsleiðir í meistaranámi við Viðskiptafræðideild

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.

Allar nánari upplýsingar á: <http://www.hi.is/vidskiptafraedideild/thjonustustjornun>

Hægt er að sækja um rafrænt á www.vidskipti@hi.is

Facebook síða viðskiptafræðideildar er <https://www.facebook.com/Vidskiptafraedideild/>



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD